

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Raufarhöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	11.10.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Hermannsson	Staðsetning	636270,877 665926,619

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit í stöðinni og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Krafa er um skráningar í rekstrarhandbók í stöðinni. Skráningarblöð vegna núverandi mánaðar voru aðgengileg í stöðinni en blöð fyrir aðra mánuði ársins eru send til Reykjavíkur og skönnuð inn í skjalakerfi Skeljungs. Gögn um skráningar í stöðinni voru skoðuð í starfsstöð rekstraraðila í Krossanesi síðar sama dag. Skráningar á eftirliti, viðhaldi og bilunum í stöðinni eru færðar á mánaðarblöð olíubirgðastöðvarinnar og reyndust í lagi.

Olíuskipta var þjónustuð þann 3. október sl. Nær engin starfsemi er í stöðinni og því lítið álag á olíuskiptum.

Tvær olíuskiptur eru í stöðinni og þjónustar önnur mengunarskýrsla um birgðageyma en hin áfyllingarplani. Olíupróf (Macherey Nagel) var gert á staðnum og stóðust þær báðar prófunina. Loki í frárennsli þróar stöð lokaður.

Ísogsefni var til staðar í stöðinni.

Þrjár geymar eru í stöðinni og hafa allar verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Löndunarlagnir voru síðast þrýstiprófaðar árið 2010 en eru ekki lengur í notkun.

Ekkert bensín er ekki geymt í stöðinni og tveir stærri geymarnir standa hálf tómir, 215.000 L eru af skipagasi í geymi merktur nr. 2 og 57.000 L af MD olíu í geymi nr. 1. Geymir merktur nr. 3 stendur tómur.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, geymar og lagnir sjónskoðaðar. Lekavarnarpró er í kringum geymana, jarðvegsbakki allan hringinn og leirundirlag. Þróin er þétt og þarf að tappa reglulega af henni rigningavatni þar sem tjarnir myndast eftir miklar rigningar. Áfyllingarplan er steipt með malarlagi við sitt hvorn endann. Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg á að líta.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin óhöpp hafa orðið að sögn rekstraraðila.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Olíu er ekki landað á Raufarhöfn og kemur hún landleiðina í stöðina. Síðast var fyllt á taknana í ágúst 2015.

Bent var á að sækja þarf um endurnýjun starfsleyfis í tíma en leyfið rennur út þann 31. janúar 2018

Viðstaddur eftirlitið var einnig Jóhannes Baldur Guðmundsson.

Reykjavík, 14.10.2016

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Guðbjörg Stella Árnadóttir

